

Ákvæði til bráðabirgða.

Viðskiptaráðherra skal fyrir árslok 2001 leggja fram skýrslu á Alþingi um áhrif laganna á íslenskt efnahagslíf.

Gjört á Bessastöðum, 19. mars 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Finnur Ingólfsson.

LÖG**um breytingar á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins,
nr. 61/1997, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 7. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Eigið fé vöruþróunar- og markaðsdeildar Nýsköpunarsjóðs skal varðveitt í sérstakri deild sem haldið skal aðgreindri í bókhaldi og reikningum sjóðsins. Deildin skal veita framlög til þróunar- og markaðsverkefna samkvæmt reglum sem stjórn sjóðsins setur og staðfestar eru af ráðherra. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 9. gr. er árlega heimilt að verja hluta höfuðstólsins til sömu verkefna.

2. gr.

Við 1. mgr. 14. gr. laganna bætist nýr málslíður sem orðast svo: Ársreikningi skal fylgja skrá yfir hlutafjárkaup, lánveitingar og óafturkræf framlög Nýsköpunarsjóðs.

3. gr.

5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða með lögnum fellur brott.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 19. mars 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Finnur Ingólfsson.